

Ísafjörður 8. júní 2018

Axel Rodriguez Överby,
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Í ljósi aðstæðna er sótt um leyfi til að koma hinu fornfræga skipi Maríu Júlíu fyrir í sjávarkambi syðst á eyrinni í Suðurtanga. Hér er um neyðaraðgerð að ræða þar sem sjóleka er farið að gæta í skipið. María liggur við bryggju sundamegin í Ísafjarðarhöfn og þykir mörgum lítið prýði af.

Áhugafélag um endurbyggingu skipsins með Byggðasafn Vestfjarða og safn Egils Ólafssonar á Hnjóti í broddi fylkingar fara með eignarhald skipsins. Unnið hefur verið að því að skapa stemningu fyrir því að gera skipið upp um árábil og er enn unnið að því jafnt og þétt. Ekki sér enn til lands í þeim efnum en þeir sem hafa farið fyrir þeirri vinnu trúa því að það muni hafast að lokum. Þessi geymsla er því til bráðabyrgða og til þess að lágmarka eyðileggingu sem annars yrði ef skipið yrði alveg tekið á þurrt hvað þá ef það sykki til botns í höfn.

Lagt er til að grafin verði geil á stórstraumsfjöru, það stór að hægt verði að draga skipið upp í hana. Mokað verður síðan að skipinu og sjór mun þá komast að henni á stórum straum tvisvar í mánuði. Þessi aðferð er alkunn og hefur verið leitað til Hafliða Aðalsteinssonar skipasmiðs tréskipa með ráðleggingar.



Á þessum uppdrætti má sjá tillögu að staðsetningu.

Virðingarfyllt,
Jón Sigurpálsson